

Selfossi 8. október, 2007
Kei/kei

Fundargerð fulltrúaráðs

68. fundur fulltrúaráðs Brunavarna Árnassýslu (BÁ) haldinn mánudaginn 8. október, 2007 kl. 12.00 að Austurvegi 52 Selfossi

Mættir: Margrét K. Erlingsdóttir, Ari Björn Thorarensen, Margrét Sigurðardóttir, Ólafur F. Leifsson og Snæbjörn Sigurðsson.
Jón Valgeirsson, sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps mætti sem varamaður fyrir Ingvar G. Ingvarsson

Einnig mætti á fundinn:

Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi frá KPMG og Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri, sem ritaði fundargerð

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 12.00

Efni fundarins var eftirfarandi:

1. **Reikningur BÁ fyrir árið 2006**
Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi frá KPMG kom á fundinn og skýrði reikninga ásamt slökkviliðsstjóra.
Helstu niðurstöður eru þessar;

Rekstrarreikningur:

Rekstrartekjur	64.047.411
Rekstrarkostnaður	65.139.361
Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur	2.465.957
Rekstrarniðurstaða gjöld umfram tekjur	3.557.907

Efnahagsreikningur:

Fastafjármunir	47.759.083
Veltufjármunir	30.250.985
Eignir samtals	78.010.068
Eigið fé	16.010.698
Lífeyrisskuldbindingar	26.219.945
Langtímaskuldir	23.803.416
Skammtímaskuldir	11.976.009
Skuldir og skuldbindingar samtals	61.999.370

Yfirlit um sjóðstrevni:

Veltufé frá rekstri	11.232.201
Fjárfestingahreyfingar	6.850.210
Fjármögnunarhreyfingar	(9.936.740)
Hækkun á handbæru fé	46.544
Handbært fé í árslok	11.890.655

2. Húsnæðismál slökkviliðs. (Björgunarmiðstöðin)
Margrét Erlingsdóttir fór yfir aðdraganda fundarins. Sagði frá beiðni BÁ þess efnis að fá upp hjá Björgunarfélagi Árborgar verð í þann hluta hússins sem ætlaður er BÁ og Heilsugæslunni ef BÁ freistaði þess að eignast húsið. Beiðni þessi var lögð fram 5. mars s.l. Tilboð barst í lok ágúst.
Einnig greindi Margrét frá aðkomu Einars Sveinbjörnssonar frá KPMG að þessu máli, þ.e.a.s. beiðni til hans að verðmeta kosti þess að leigja húsið í 25 ár eða kaupa það.
Einar greindi frá útreikningum sínum. Þar kom fram að hagstæðara væri, miðað við verðlag dagsins í dag á lánamarkaði, að leigja húsnæðið.
Einnig komu önnur sjónarmið fram sem styrktu þessa niðurstöðu.

Samþykkt að ganga til samninga við Björgunarfélag Árborgar um leigu á húsnæðinu á grundvelli viljayfirlýsingar dags. 28. 6. 2006 þar sem m.a. fram kemur 800 kr. leiguverð pr. m². Samningur verður gerður til 25 ára samkv. viljayfirlýsingunni

Formanni og slökkviliðsstjóra var falið að ganga á fund formanns Björgunarfélags Árborgar og formanns eignafélagsins og tilkynna þeim niðurstöðu fundarins og leita eftir samningi um leigu á húsnæðinu.
Samningur verður síðan lagður fyrir stjórn BÁ til yfirferðar og afgreiðslu.
Samningur verður síðan undirritaður með fyrirvara um samþykki stjórnar aðildarsveitarfélaga BÁ.

3. Önnur mál
a) Skoðunarmenn
Samþykkt að Bjarki Reynisson og Guðmundur Stefánsson verði skoðunarmenn BÁ út kjörtímabilið 2006-2010

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 13.55

**Margrét K. Erlingsdóttir, Ari Björn Thorarensen, Margrét Sigurðardóttir,
Ólafur F. Leifsson, Snæbjörn Sigurðsson, Jón Valgeirsson
og Kristján Einarsson**